

## **Fundargerð – 7. fundur stjórnar Foreldrafélags Hlíðaskóla**

Heimahús stjórnarmeðlims, 4. apríl 2022

Mætt:

- Elín Ósk Hjartardóttir (ritari)
- Eygló Svala Arnarsdóttir (formaður)
- (Guðmundur) Andri Hjálmarsson (varaformaður)
- Klara Geirsdóttir (gjaldkeri)
- Þórey Björk Sigurðardóttir (skólaráðsfulltrúi)

Fjarverandi:

- Hallfríður Brynjólfsdóttir (varamaður)
- Bára Brynjólfsdóttir (varamaður)
- Berglind Rögnvaldsdóttir (meðstjórnandi)
- Þorsteinn V. Einarsson (varamaður)

### **Dagskrá:**

Safnskóli – staða og samstarf við Háteigsskóla

Vorhátíð og smáhátíðir bekkja

Samskipti við skólastjórnendur

Önnur mál

### **Safnskóli – staða og samstarf við Háteigsskóla**

Þórey sendi póst í vikunni á borgarfulltrúa í borgarráði vegna hugmynda um safnskóla í Vörðuskóla en hefur ekki fengið nein svör.

Við höldum áfram að taka þetta upp, Þórey mun einnig ræða þetta á næsta skólaráðsfundi.

### **Vorhátíð og smáhátíðir bekkja**

Stefnum á vorhátíð núna í maí (stefnum á 21. maí), umsókn um styrk fyrir henni verður tekin upp á næsta íbúaráðsfundi.

Eygló heyrði í foreldrum nemenda í 10. bekkjar hvort þau myndu vilja taka þátt í hátíðinni sem fjáröflun, hvort þau hefðu einhverjar hugmyndir um hvernig hægt væri að útfæra það.

Andri ætlar að skoða klifurvegg og hoppukastala. Plan að heyra einnig í skátunum hvort þeir hafi áhuga á að kynna sitt starf á hátíðinni.

Hugmynd að fá Dóru Júlíu plötusnúð til að spila á vorhátíðinni, könnum það þegar dagsetning hefur verið samþykkt.

### **Samskipti við skólastjórnendur**

Óskum eftir fundi við Berglindi sem fyrst eftir páska. Þurfum að heyra í henni varðandi vorhátíð en einnig með samstarf skóla og foreldrafélags. Væri einnig gott að heyra stöðuna á fræðslunni og símalausum skóla og upplýsingagjöf frá skóla til foreldra.

### **Önnur mál**

Ræddum lesblindu á síðasta fundi og hvernig tekið væri á henni í skólanum, Þórey sendi póst og fékk ítarlegt svar frá Oddný sérkennsluskóla.

Punktur úr svari:

- Matstæki sem notað er til að greina lesblindu hér á Íslandi er LOGOS. Sérkennslukennari Hlíðaskóla hefur réttindi til að nota það. Hægt er að skima fyrir lesblindu með því matstæki í lok þriðja bekkjar.
- Þarf þó að skima aftur fyrir lesblindu síðar þar sem prófið er lagt fyrir í tveimur hlutum og þarf ákveðinn tími að líða á milli.
- Aftur er síðan hægt að skima með þessu matstæki í sjötta bekk.
- Einnig er farið eftir niðurstöðum frá skimun talmeinafræðinga úr leikskólum.
- Nemendum sem glíma við vanda í lestri er mætt með sérkennslu, aðlöguðu efni og stuðningi í bekkjartíma.

Á næsta skólaráðsfundi mun Þórey einnig ræða samstarf skóla og foreldrafélagsins. Spurning að nefna á þeim fundi einnig hvernig er verið að taka á málum varðandi innrásina í Úkraínu og nemendur/starfsmenn frá bæði Úkraínu og Rússlandi sem eru í skólanum eða gætu verið væntanlegir í skólann.

Símalaus skóli: Planið nú er að það verði símalaus skóli á næsta ári, verður barnaþing núna á næstu vikum.

Ræðum hvenær væri best að stefna á að hafa símalausan skóla, foreldrafélagið myndi vilja sjá þetta gert strax í byrjun annar en skólinn vill frekar gera þetta í nokkrum skrefum.

Í könnun sem var send út á vegum foreldrafélagsins var mikill stuðningur foreldra við símalausan skóla, ræðum að halda mögulega fund með foreldrum þar sem við myndum kynna þetta betur.

Ræðum aðeins sundkennslu, verður tekið upp á næsta skólaráðsfundi.

Gefum bekkjarfulltrúum frest þar til eftir páska að halda smáhátíðir en ýtum við þeim eftir það.

Næstu fundur verður mánudaginn 2. maí kl. 19:30.

Fundi slitið.

Fundargerð samþykkt rafrænt.